

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997 - 2017, Borgarbraut, Borgarnesi.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 7. mars 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017 frá 19. október 1998.

Breytingin felst í því að verslunar- og þjónustusvæði við Borgarbraut nr. 55, 57 og 59 breytist úr svæði fyrir verslun í blandaða byggð fyrir verslun, þjónustu, stofnanir og íbúðabyggð. Jafnframt verður nýtingarhlutfall á svæðinu 1,5 í stað 1,0.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Borgarbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 7. mars 2006.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.